

ÆSKAN OG SÓSIALISMINN

Ritnefnd: Guðrún Steingrimsdóttir, Leifur Jónsson, Ólafur Ormsson, Sigurður Jón Ólafsson, Þorsteinn Marelsson.

Þrjátíu ára afmælis Æskulýðs- fylkingarinnar minnzt í haust

Hinn 6. nóvember næstkomandi eru 30 ár liðin frá stofnun Æskulýðsfylkingarinnar, sambands ungra sósíalista. Framkvæmdanefnd ÆF hyggst minnast afmælisins á margvíslegan hátt.

M.a. verður 23. þing sambandsins, sem haldið verður síðustu helgi í september, að nokkru leyti helgað afmælinu; þá er efnt til listmunahappdrættis í tilefni af afmælinu, gefið verður út afmælisrit og sitthvað fleira.

Það eru þrjátíu ár liðin í haust frá því að Æskulýðsfylkingin var stofnuð í Alþýðuhúsinu við Hverfisgötu í Reykjavík með veglegu stofnþingi þar sem sæti áttu 25 fulltrúar. Nú efnir Æskulýðsfylkingin í lok þessa mánaðar til 23. þings síns, sem eins og að líkum lætur er tileinkað afmælinu, og verður þess minnzt bæði í þingstarfinu sjálfu svo og á hátíð þeirri, sem haldin verður í lok þingsins.

Lýðsfylkingin til skyndihappdrættis í tilefni af þrjátíu ára afmælinu. Er þetta listmunahappdrætti og eru vinningar fimm listaverk eftir þekktu listamenn, þá Sverri Haraldsson, Benedikt Gunnarsson, Ásgerði Búadóttur, Jóhannes Jóhannesson og Hauk Sturluson.

Andvirði vinninganna er kr. 21.000, en upplag happdrættis-miðanna mjög lítið. Dregið verður í happdrættinu þ. 6. október nk.

AFMÆLISHAPPDRÆTTI ÆF.

Æskulýðsfylkingin 30 ára

VINNINGAR LISTMUNIR:

Mynd eftir Sverri Haraldsson	kr. 10.000,00
Málverk eftir Benedikt Gunnarsson	10.000,00
Veggteppi eftir Ásgerði Búadóttur	2.000,00
Síttuhátumen eftir Jóhannes Jóhannesson	2.000,00
Keramík eftir Hauk Sturluson	1.000,00

Áðvæð 1.000 miðar

Uppfyllingur um vinninga

ÆSKULÝÐS FYLKINGIN

Tjarnargötu 20

Sími 17513

Dregið 6. október 1968. Verð kr. 50,00

HIÐUR MEÐ HEIMSVALDASTEFNU

Nr. 1

Hafin er sala miða í Afmælishappdrætti Æskulýðsfylkingarinnar, sem efnt er til vegna 30 ára afmælis hreyfingarinnar í haust. Happdrætti þetta er listmunahappdrætti, og eru fimm vinningar í boði, — listaverk eftir þekktu íslenska listamenn, þá Sverri Haraldsson, Benedikt Gunnarsson, Ásgerði Búadóttur, Jóhannes Jóhannesson og Hauk Sturluson.

Upplag, happdrættismiðanna er mjög lítið, og kostar miðinn aðeins 50 kr., en dregið verður 6. október nk. Félagar og aðrir stuðningsmenn eru hvattir til þess að kaupa miða, og styðja með því Æskulýðsfylkinguna í áframhaldandi baráttu sinni.

Ályktun frá ÆF:

Um frjálsa skoðana- myndun á Íslandi

Síðustu vikur hefur mikið verið rætt og ritað um hömlur á tjáningarfrelsi í ríki Austur-Evrópu. Hefur maður gengið undir manns hönd til að krefjast þess, að Kommúnistaflokkur Tékkóslóvakíu, fái frið til að framkvæma umbótaáætlun sína, sem m.a. innifelur ákvæði um fullkomið rittfrelsi í landinu. Æskulýðsfylkingin, samband ungra sósíalista, vill í þessu tilfelli lýsa þeirri von sinni, að samúðaryfirlýsingar hinna fjölmörgu aðila á Íslandi, sem afstöðu hafa tekið til atburðanna í Tékkóslóvakíu, megi ekki aðeins verða nýttur stuðningur við þjóðir Tékkóslóvakíu, heldur einnig aflvaki frjórna umræðna um vandamálið frjálsrar skoðana-myndunar í okkar eigin landi.

Í flestum nágrannalöndum okkar hafa á undanföllum árum farið fram viðtekar umræður um þær hættur, sem

steðja að vernd og eflingu lýðræðis andspænis ofurveldi fjölmöldunartækja og beitingu þeirra í þágu fámennra sérhagsmunahópa. Þessar umræður hafa aðeins að litlu leyti náð til Íslands ennþá, og Æskulýðsfylkingin skorar á lýðræðissinnuð öfl í landinu að beina athygli sinni að þessum vanda-málum í vaxandi mæli. Er ekki augljóst, að það er þjóðfélagslegt réttlætismál, að settar séu reglur um tæknimörkun á einræðisvaldi þeirra fáu, sem stýra fjölmöldunartækjunum og ákvæði um jöfn réttindi þjóðfélagsþópa til að koma skoðunum sínum á framfæri gegnum fjölmöldunartækin.

Þegar rætt er um þessi vandamál hljóta spjótin að beinast að stærsta ógnvaldi frjálsrar skoðana-myndunar á Íslandi, MORGUNBLAÐINU. Ódrengilegar og

Framhald á 7. síðu.

Þetta 23. þing ÆF mun að öðru leyti byggjast sem endranær á umræðum um félagsmál og stefnuskrármál hreyfingarinnar, og lýkur með kosningu fulltrúa í nýja framkvæmdanefnd og sambandsstjórn.

Þingið verður að þessu sinni haldið í Félagsheimili Kópavogs og hefst á föstudagskvöld 27. september og stendur til sunnudagskvölds þ. 29. september.

Undirbúningur þingsins er hafinn að fullum krafti og eru deildir úti á landi beðnar að hafa sem fyrst samband við skrifstofu sambandsins Tjarnargötu 20, sem er opin frá kl. 14—19, dag hvern. Fylkingarfélagar í Reykjavík og nágrenni eru einnig beðnir um að hafa samband við skrifstofuna sem fyrst, þar sem þörf er á aðstoð þeirra við undirbúninginn. Eins og fyrr segir efnir Æsku-

ÆFR - ÆFH ÆFK

Félagar! Hafið samband við skrifstofuna. Sjálfboðaliða vantar við undirbúningsstörf fyrir þingið. Skrifstofan opin alla daga milli kl. 2—7 síðdegis, sími 17513.

Þróttmikið starf ÆFR

Stutt simaviðtal við Vernharð Linnet, formann ÆFR

17 5 13.

— Æskulýðsfylkingin í Reykjavík. Vernharður Linnet talar.

— Já, sæll vertu. Hér talar Ólafur Ormsson. Ég ætla að leita fréttu hjá þér af starfi ÆFR um þessar mundir, fyrir Æskulýðssíðu Þjóðviljans.

— Það var frekar rólegt yfir starfi ÆFR í júlí eftir átökin í júní, en starfið hefur verið mjög gott nú í ágúst mánuði.

Félagsheimilið að Tjarnargötu 20 hefur verið opið 2 kvöld í viku og verið ágætlega sótt. Eitt fimmtudagskvöldið las Guðbergur Bergsson upp bráðsnjalla óprentaða sögu og á fimmtudaginn kemur mun Hannes Sigfússon lesa frumsamin verk.

Ætlunin er að prógröm þessi standi í h. u. b. klukkustund, svo að gestir félagsheimilisins geti fengið sér kaffisopa á eftir og rætt saman. Þriðjudagskvöldin er ætlunin að nota til pólitískrar uppfærðslu og umræðna milli félaga um marxisma, afstöðu ÆF til ýmissa atburða innanlands sem utan, og fleira í þeim dúr.

Formaður salsnefndar er nú Guðrún Margrét Guðjónsdóttir og með henni í nefndinni þær Björg Hraunfjörð og Kristín Ástgeirsdóttir. Hafa þær stölluð fullan hug á að fjölga þeim kvöldum, sem salurinn verður opin, á næstunni. Eina heilgærferð höfum við farið í ágúst, í Hvanngil, var sú ferð í alla staði hin ævintýrlegasta. Ekki verða fleiri ferðalög í ár, nema hvað farið verður í skíðaskála ÆFR í Sauðadalum af og til í vetur.

ÆFR er nú að undirbúa útgáfu á ýmsum marxískum ritum, munum við fjölríta þau og dreifa til félaga. Fyrsta ritið er við gefum út er Dialektísk efnishyggja og söguafurð eftir Jósef Stalín, prentuð í Sögu Kommúnistaflokks Ráðgjafnaríkanna, en sú bók er nú uppseld. Þá er í ráði að gefa út 3 ritgerðir eftir Lenín um Marx og marxismann; m. a. Marxismi og endurskoðunarstefna.

Til ungs fólks um allt land!

Gangið í Æskulýðsfylkinguna!

Æskulýðsfylkingin, samband ungra sósíalista, heldur 22. sambandsþing sitt dagana 28.—30. september 1968, í Félagsheimili Kópavogs. Hefst þingið kl. 20,00 á föstudagskvöld.

Sambandsdeildir eru beðnar að tilkynna þátttöku til skrifstofu ÆF, Tjarnargötu 20, sími 17513.

Framkvæmdanefnd ÆF.

ÆF berst fyrir bættum lífskjörum og fullri atvinnu.

ÆF berst gegn bandarískum herstöðvum á Íslandi og fyrir úrsögn Íslands úr Nato.

ÆF vill afnema auðvaldsskipulagið og koma á sósíalisma á Íslandi.

ÆF berst bandarískri heimsvaldastefnu.

Þetta eru nokkur af stefnumálum Æskulýðsfylkingarinnar, en ekki aðeins stefnumál, heldur baráttumál.



Vernharður Linnet

ekki til hlýðni með gúmmíkyllfum og fangaklefum.

— Vernharður, Æskulýðsfylkingin mun auðvitað kalla félaga sína til baráttu strax og tilefni gefur.

— Tilefni er alltaf til baráttu, og höfuðmarkmið Æskulýðsfylkingarinnar er að brjóta niður auðvaldsskipulagið á Íslandi og byggja á rústum þess þjóðfélags sósíalismans.

O. O.

ÆSKULÝÐS FYLKINGIN — samband ungra sósíalista

Ég undirritaður óska eftir inngöngu í Æskulýðsfylkinguna, samband ungra sósíalista.

Nafn Fæðingard.

Heimili S.

Sendist Æskulýðsfylkingunni, Tjarnargötu 20 Rvk.